

### **3. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2018**

#### **--- Fundargerð ---**

**Mættir:** SD, ÁK, GME, RÞM, GG, SG og GJ.

(JP boðaði forföll og kom Guðni Guðbergsson sem varamaður.

Sigríður Gísladóttir var einnig boðuð sérstaklega á fundinn).

1. SD setti fund kl. 13<sup>00</sup> í húsakynnum Matvælastofnunar að Dalshrauni 1B í Hafnarfirði. Aðeins eitt erindi var á dagskrá, sem skipta má í tvo sjálfstæða þætti og voru þeir báðir til lykta leiddir á fundi nefndarinnar í dag.
2. Þann 24. sept. sl. barst erindi frá Bernharð Laxdal, dýralækni hjá Fish Vet Group fyrir hönd Arnarlax hf., þar sem farið er fram á tvær undanþágur til notkunar á fóðri sem blandað er sníkjudýrallyfinu Emamectine benzoate (Slice) í lax. Annars vegar til meðhöndlunar á laxaseiðum sem alin eru í sjókvíum við Hringsdal í Arnarfirði og hins vegar á laxaseiðum sem alin eru við Eyri í Patreksfirði. Helstu rök fyrir meðhöndlun nú er að kappkosta að ná fiskinum lúsalausum fyrir veturinn og stuðla þannig að góðri stöðu í byrjun sumars 2019. Í erindinu kom einnig fram að Arnarlax áformar að styrkja fyrirbyggjandi aðgerði gegn laxalús með því að koma fyrir hrognkelsum í sjókvíar á báðum þessum staðsetningum næsta sumar.

Í kjölfar þess að erindi Arnarlax barst Matvælastofnun fór eftirlitsdýralæknir fisksjúkdóma í vettvangsskoðun og tók m.a. þátt í framkvæmd lúsatalningar með líffræðingi og öðrum starfsmönnum félagsins á viðkomandi sjókvíaeldissvæðunum. Farið var að Eyri þann 25. sept. og að Hringsdal 26. sept. og að því loknu skilaði eftirlitsdýralæknir skýrslu til yfirdýralæknis og fisksjúkdómanefndar þar sem stöðu mála er lýst. Í byrjun fundar í dag fór skýrsluhöfundur yfir vitjanir sínar og gerði nánari grein fyrir ástandi fisks og þróun laxalúsar (*Lepeophtheirus salmonis*) og fiskilúsar (*Caligus elongatus*). Á báðum stöðum eru alin laxaseiði sem sett voru út sl. sumar og nú í haust og er svipaður fjöldi seiða á báðum stöðum en heildar lífmassi nærri tvöfalt meiri í Hringsdal. Laxinn er í góðum holdum, en greina má svolítinn óróleika með hoppi í kvíum sem að öllum líkindum má skrifa að mestu á viðkomu fiskilúsar. Svokallaðir lúsadúkar eru um allar kvíar á báðum stöðum, en reynslan hefur sýnt að þeir veita ekki nægilega öfluga vörn gegn smiti. Lús var talin á fiski í tveimur kvíum við Eyri og þremur við Hringsdal. Fjöldi laxalúsa var í lágmarki, en heldur meira af fiskilús. Við Eyri var fjöldi fullorðinna kven-laxalúsa núll í báðum kvíum (var 0,05 per fisk í vikunni á undan) og fjöldi fiskilúsa var að meðaltali 9,6 per fisk (var 15,35 í vikunni á undan). Við Hringsdal var fjöldi fullorðinna kven-laxalúsa að meðaltali 0,12 per fisk (var 0,08 í vikunni á undan) og fjöldi fiskilúsa var að meðaltali 1,3 per fisk (var 2,62 í vikunni á undan). Við talninguna mátti greina örllítið nýsmit með smásæjum fastsitjandi þroskastigum laxalúsar á nokkrum fiskum. Líklegt er að lúsinn nái að fjölga sér í einhverjum mæli fram eftir hausti, en í lok sept. var hitastig sjávar tæpar 9°C.

Að kynningu lokinni var fundarefnið krufið í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru bæði í Arnarfirði og Patreksfirði. Fjölmargir líffræðilegir þættir koma við sögu, ekki síst er tengjast umhverfi í víðu samhengi. Fundarmenn eru þess vel meðvitaðir að þessa þætti þarf að ígrunda vel áður en mælt er með lyfjameðhöndlun. Þær helstu breytur sem taka verður tillit til eru árstími og hitafar sjávar, stærð og fjöldi eldislaxa, nánasta lífríki, vistkerfi fjarðanna, dýravelferð, tegund og fjöldi lúsa, heilbrigðisstaða, ástand fisksins almennt og hætta á myndun lyfja-/efnaþolinnna lúsastofna. Þá ber einnig að hafa í huga þá möguleika sem bjóðast á formi lyfjalausra aðferða til að fyrirbyggja eða draga úr lúsasmiti.

Í lok fundar og að teknu tilliti til ofangreindra þátta var meirihluti nefndarmanna samþykkur þeirri niðurstöðu að mæla með því við Matvælastofnun að heimila umbeðna lyfjameðhöndlun við Hringsdal í Arnarfirði, en hafna meðhöndlun við Eyri í Patreksfirði. Mikilvægt er að öll notkun lyfja sé með ábyrgum hætti og eitt hlutverk fisksjúkdómanefndar er að kanna hvert og eitt tilvik til hlítar. Í ljósi aðstæðna í Arnarfirði þar sem fjögur sjókvíaeldissvæði eru í rekstri fram á næsta ár er óæskilegt að lúsin nái að fjölga sér um of inn í veturinn með tilheyrandi hættu á sam-mögnunaráhrifum. Í dag er Eyri eina starfrækta eldisvæðið í Patreksfirði og engin starfsemi til staðar í Tálknafirði og smithætta fyrir nærliggjandi eldisstöðvar í lágmarki og mikilvægt að takmarka notkun lyfja við neyðartilvik. Miðað við það lúsasmit sem nú er til staðar við Eyri er ekki talin ástæða til að meðhöndla að þessu sinni.

3. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14<sup>30</sup>.

Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

*Gisli Jónsson*